

REGLUGERÐ

um stimpilgjald af ávísunum og kvittunum.

Samkvæmt lögum nr. 25, 9. janúar 1935 um viðauka við lög nr. 75, 27. júní 1921, um stimpilgjald, er hér með sett eftirfarandi reglugerð.

I. KAFLI

Um stimpilskyldu.

1. gr.

Allar ávísanir, sem gefnar eru út hér á landi, og ávísanir útgefnar erlendis, sem ætlaðar eru til greiðslu hér á landi eða koma hér til greiðslu, skulu stimplaðar með þar til gerðum stimpilmerkjum, með þeim undantekningum og takmörkum, sem síðar greinir.

Ávísanir útgefnar hér á landi eru jafnt stimpilskyldar, hvort sem þær eiga að greiðast hér á landi eða erlendis og hvort sem útgefandi þeirra er innlendir eða erlendir. Er skylt að stimpla allar þessar ávísanir um leið og þær eru útgefnar.

Ávísanir útgefnar erlendis á aðila, sem búsettir eru hér á landi, verða stimpilskyldar þegar þær koma hér til landsins og er stimpilskyldunni talið fullnægt, ef þessar ávísanir eru stimplaðar áður eða um leið og þær eru framseldar til greiðslu eða afhentar til innheimtu hér á landi.

Aðrar ávísanir, sem útgefnar eru erlendis, verða stimpilskyldar, þegar þeim er framvísað til greiðslu hér á landi eða þær eru afhentar eða koma hingað til innheimtu.

Eigi skiptir það máli um stimpilskyldu, þótt ávísun sé skilorðsbundin og þótt ekkert reynist til fyrir ávísun eða neitað sé um greiðslu.

2. gr.

Allar kvittanir eða viðurkenningar fyrir greiðslum, sem gefnar eru út eða skráðar eru hér á landi, skulu við útgáfu stimplaðar með merkjum þeim, er um ræðir í 1. gr., eftir því sem nánar er ákveðið.

Kvittun er jafnt stimpilskyld, hvort sem hún er til innlendra eða erlendra aðila, ef hún er gefin hér á landi. Hinsvegar eru þær kvittanir eigi stimpilskyldar, sem gefnar eru út erlendis eða skráðar þar, þótt þær komi síðan hingað til landsins.

3. gr.

Sem ávísanir í þessu sambandi teljast:

1. Ávísanir samkv. lögum um tékka.
2. Aðrar ávísanir og einnig þótt þær séu ekki í venjulegu ávísunarformi, ef með þeim er ráðstafað greiðslu á ákveðinni fjárhæð frá vissum aðila,

þannig að kemur í ávísunarstað. Einu gildir hvort slík ráðstöfun er sett fram sem ákvörðun eða beiðni, nema um beina innheimtu sé að ræða.

16
26. febr.

Það telst og ávísun þótt slík ráðstöfun sé sett fram eða innifalin í bréfi, símskeyti eða skjali, sem fleira hefir inni að halda, og verður þá það plagg stimpilskylt.

Það telst ávísun, þótt greiðsla sé ekki miðuð við sýningu, heldur bundin við ákveðinn tíma eða endurtekna greiðslu með vissu millibili t. d. ef A biður B að greiða C 50 kr. 1. hvers mánaðar einhvern ákveðinn tíma. Eigi skiptir heldur máli þótt ávísun sé ekki á peninga eða innstæðu, heldur á einhvern annan gjaldmiðil, svo sem víxla, verðbréf, o. s. frv.

Sem dæmi um þessar ávísanir má nefna:

- A. Bréf eða skeyti, sendibréf, verzlunarbréf, símskeyti o. s. frv., þar sem einhver er beiðinn eða honum falið að greiða ákveðna upphæð. Dæmi: A biður B bréflega eða með símskeyti að greiða banka vissa lánsafborgun. N. N. hefir fengið innheimtukröfu frá banka og sendir bankanum skeyti um að skulda innheimtuna á hlaupareikning sinn í bankanum. Hér koma og undir skriflegar beiðnir um færslu milli reikninga í verzlunum o. s. frv.
- B. Leyfi til að taka út (vörur eða peninga) úr viðskiptareikningi annars manns, t. d. útgerðarfélag veitir háseta leyfi til að taka út í sinn reikning vöru hjá verzlun til eigin þarfa.
- C. Ávísun á ófallna greiðslu, s. s. kaup eða laun o. þ. h., t. d. A gefur B ávísun á kaup sitt hjá útgerðarfélagi eða leyfi til að ganga að því, þegar það kemur til útborgunar.
- D. Reikningar, sem ávísað er til greiðslu til annars en þess, sem raunverulega á að inna greiðsluna af hendi (reikningsskuldari), t. d. þannig að skrifuð er á reikninginn beiðni til einhvers annars manns eða stofnunar að greiða hann.

Sem ávísanir teljast þó t. d. ekki:

1. Bankaseðlar eða aðrar tegundir seðla.
2. Vixlar.
3. Arðmiðar og vaxtamiðar.
4. Innheimtubréf.
5. Launasamningar, ráðningasamningar eða skipunarbréf.
6. Meðlagsúrskurðir og dómsúrskurðir.
7. Ákvarðanir um styrkgreiðslur.
8. Skuldabréf, kaupsamningar, húsaleigusamningar, afborgunarsamningar o. þ. h.

4. gr.

Sem kvittanir í þessu sambandi teljast:

1. Allar kvittanir og viðurkenningar fyrir greiðslum í kvittunarformi, þar með taldar bráðabirgðakvittanir og kvittanir fyrir geymslufé.
2. Kvittanir innfærðar, stimplaðar eða skráðar á reikninga, hvort sem er viðurkenning fyrir fullnaðargreiðslu eða innfærsla á innborgunum. Hér til

16
26. febr.

teljast söлумiðar (kontant-nótur) hjá verzlunum, víxil-nótur o. s. frv. Sé reikningurinn greiddur með afborgunum og þær færðar á reikninginn, án sérstakrar kvittunar, skoðast hver innfærsla sem kvittun. Þegar gefinn er út viðskiptareikningur og þar færðar greiðslur eða innborganir, sem ekki hafa áður verið gefnar út kvittanir fyrir, ber að stimpla reikninginn með sérstöku stimpilmerki fyrir hverja innfærslu. Þó eru vaxtainnfærslur stimpilfrjálsar.

3. Kvittanir innifaldar í bréfum, skeytum og skjölum t. d. kvittanir á meðlagsúrskurðum og skuldabréfum.
4. Farmiðar og farseðlar, með skipum, bifreiðum og öðrum samgöngutækjum.
5. Allar aðrar viðurkenningar fyrir lúkningu skuldar eða greiðslu einhverrar skuldakröfu að einhverju eða öllu leyti.
6. Kvittanir innfærðar á launalista eða í launabækur (vinnubækur) kvittanir í síma- og póstkvittunarbækur, innfærslur í stofnsjóðsbækur o. s. frv.

Sama er hvort greiðsla hefir farið fram í peningum, með víxli, ávísun eða öðrum gjaldmiðli, svo sem verðbréfum. Kvittun telst og viðurkenning fyrir lúkningu skuldar eða greiðslu einhverrar skuldakröfu að öllu eða einhverju leyti í hverju sem greiðsla hefir farið fram (t. d. með vörum).

Til kvittana teljast eigi:

1. Hlutabréf og hlutafjárskirteini, váttryggingarskirteini eða önnur skirteini, leyfisbréf, t. d. verzlunarbréf.
2. Kvittanir fyrir móttæknum vörum, nema jafnframt sé um greiðslu skuldar að ræða, einnig viðurkenning fyrir móttæknum handveðum.

5. gr.

Þessar ávísanir eru undanþegnar stimpilgjaldi:

1. Ávísanir útgefnar af innlendum hönkum eða sparissjóðum. Nær þetta til allra ávísana, sem þessar stofnanir gefa út hvort sem þær eru á innlenda eða erlenda aðila. Hér með telst einnig „letter of credit“ og „akkreditiv“.
2. Ávísanir gefnar út af stjórnarráði Íslands, fyrir opinberum greiðslum eða gjöldum úr rikissjóði og ávísanir forseta og skrifstofustjóra Alþingis fyrir gjöldum, er koma á alþingiskostnað.
3. Ávísanir útgefnar innanlands til greiðslu opinberra gjalda í rikissjóð, sýslusjóði og bæjar- og sveitarsjóði.

Opinber gjöld í rikissjóð teljast allir skattar og tollar, þar með talið m. a. aðflutnings- og útflutningsgjald, ennfremur lestagjöld af skipum, vitagjöld, skólagjöld til rikisskóla, aukatekjur rikissjóðs og kirkjugjöld.

Hér til teljast ekki greiðslur til ýmsra verzlunar- eða iðnaðarfyrirtækja ríkisins, tryggingargjöld til slysatryggingar ríkisins, lögreglustjóra og sýslumanna, brunabótaíðgjöld, lögskráningargjöld, heldur eigi afgjald af jörðum, afborganir og vextir af lánum o. s. frv., en hinsvegar teljast einnig hér útvarpsafnotagjöld, símgjöld og póstgjöld

Opinber gjöld til sýslusjóða eru sýslusjóðsgjöld og sýsluvegasjóðsgjald. **16**
Hinsvegar eigi tekjur af eignum.

26. febr.

Opinber gjöld til bæja og sveitasjóða teljast útsvör, samvinnuskattur, sótaragjald, fasteignagjöld, gangstéttargjöld, vatnsskattur o. s. frv.

Hinsvegar teljast hér eigi með: Greiðslur til ýmsra stofnana, sem bæjar- og sveitarsjóðir reka, t. d. fyrir gas og rafmagn, hitaveitugjald, afborganir og vextir af lánnum o. s. frv.

Á allar þær ávísanir, sem undanþegnar eru stimpilgjaldi samkv. þessum lið, verður hlutaðeigandi skattheimtumaður (tollstjóri, bæjargjaldkeri, sýslumenn o. s. frv.) að rita framsal sitt þannig að þessar ávísanir beri með sér, að þær séu gefnar út til greiðslu þeirra gjalda, er hér um ræðir.

4. Öll skjöl, sem stimpilskyld eru samkvæmt lögum um stimpilgjöld nr. 75, 27. júní 1921, enda þótt þau geti talizt ávísun samkvæmt skilgreiningu þessara laga.
5. Ávísanir, sem hljóða á minni upphæð en 20 krónur.

6. gr.

Þessar kvittanir eru undanþegnar stimpilgjaldi:

1. Kvittanir fyrir innborgun til banka og sparisjóða, þegar lagt er inn í eigin reikning eða greitt upp í föst lán og ennfremur kvittanir fyrir úttekt úr sparisjóðsbókum.
Föst lán teljast sammingsbundin lán í skuldabréfaformi, svo sem fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán, handveðslán. Innborganir í eigin reikning teljast innlög í sparisjóð, hlaupareikning, reikningslán og innlán.
Hinsvegar skal stimpla tékkanótur, innheimtunótur og nótur um kaup og sölu á erlendri mynt o. þ. h.
2. Kvittanir fyrir opinberum gjöldum í rikissjóð, sýslusjóði og bæja- og sveitasjóði.
3. Kvittanir fyrir vinnulaunum, ef þær nema ekki yfir 100 kr. og ekki er um hluta af föstu mánaðar- eða árskaupi að ræða.
4. Kvittanir eða viðurkenningar fyrir móttöku islenzkra afurða beint frá framleiðendum, enda nemi þær ekki yfir 600 kr.
5. Kvittanir fyrir endurgreiðslu á tolli eða öðrum ofreiknuðum gjöldum í rikissjóð, þar með talin endurgreiðsla á líftryggingargjöldum sjómanna o. fl., endurgreiðsla á sköttum o. fl.
6. Kvittanir fyrir víxlum eða ávísunum, sem afhent er til innheimtu eða sýningar.
7. Kvittanir innfærðar á skjöl, sem stimpilskyld eru samkvæmt stimpillögum fyrir greiðslu eða afborgun þeirrar fjárhæðar, sem í þeim er tilgreind, þar með talin framsöl á víxlum og ávísunum. Hér undir heyra m. a. skuldabréf og ýmsir greiðslu- og afborgunarsamningar, afsöl og kaupsamningar, víxlaafsagnir o. s. frv.

- 16 8. Öll skjöl, sem stimpilskyld eru samkvæmt lögum um stimpilgjald frá 1921,
26. febr. enda þótt þau séu jafnframt kvittun samkvæmt ákvæðum þessara laga.
9. Kvittanir fyrir greiðslum, sem nema minna en 20 kr.

7. gr.

Þegar ávísun eða kvittun er gefin út í fleira en einu eintaki er aðeins eitt þeirra stimpilskyld, en geta skal þess í hinum óstimpluðu eintökum, hvernig frumritið er stimplað.

II. KAFLI

Um hæð stimpilgjalds og framkvæmd stimplunar.

8. gr.

Fjármálaráðuneytið hefir ákveðið að fyrst um sinn verði sama stimpilgjald af öllum ávísunum og kvittunum, hver sem fjárhæð þeirra er, svo framarlega sem þær nema 20 kr. eða meira. Skal stimpilgjaldið vera 10 aurar af hverri ávísun eða kvittun.

Hefir ráðuneytið látið búa til sérstök 10 aura stimpilmerki sem kallast greiðslumerki til þessara nota. Skulu allar ávísanir, sem taldar eru í 1.—4. gr. með þeim undantekningum, sem gerðar eru í 5. og 6. gr. stimplaðar með þessum merkjum.

9. gr.

Stimplunin skal framkvæmd þannig, að greiðslumerki skulu límd framan á kvittun þá eða ávísun, er stimpla á. Síðan skal sá, er stimplunina framkvæmir, skrifa á hvert merki dagsetningu þá er stimplunin fer fram og upphafsstafi sína eða stimpil sinn eða fyrirtækis þess, er gefur ávísunina eða kvittunina út. Sé um símskeyti að ræða skal líma merkið á frumritið og skal sendistöðin votta á skeytið um stimplunina.

10. gr.

Ef í sama bréfi eða skjali er innifalin fleiri en ein ávísun eða kvittun eða bæði ávísun og kvittun, og báðar eða allar stimpilskyldar, skal stimpla hverja ávísun eða kvittun út af fyrir sig, t. d. þar sem eru færðir launalistar, vinnulistar, eða launabækur, þar sem hver einstakur greiðsluþegi kvittar með því að skrifa nafn sitt við sína kaupgreiðslu, að stimpla við hvert nafn sem sérstaka kvittun, með greiðslumerki ellegar stimpla á launalistan með þeirri upphæð greiðslumerkja, sem svarar til fulls stimpilgjalds af hverri kvittun fyrir sig. Kvitti einn maður fyrir hönd fleiri manna á launalistanum, skoðast hver greiðsla sem sérstök kvittun.

Ef A biður B í sama bréfi eða skeyti að greiða fyrir sína hönd afborgun lána til banka og leggja ákveðna fjárhæð inn á hlaupareikning sinn við sama banka eða annan, er þar um tvær og jafnvel fleiri ávísanir að ræða, sem stimplast hver í sínu lagi. Sömulciðis ef N. N. biður banka að skulda innheimtu á

hlaupareikning sinn í bankanum og auk þess að greiða úr hlaupareikningi sínum afborgun af veðdeildarláni. **16**

26. febr.

Ef A gefur skuldaviðurkenningu, sem hljóðar á þessa leið: „Hefi mótttekið frá B kr. 200, sem verða endurgreiddar af kaupmiðinu hjá C 1. næsta mánaðar“, er þar um bæði kvittun og ávísun að ræða, og verður því að stimplast í tvennu lagi.

Sé hinsvegar greitt í einu lagi gegn mörgum kvittunum, verður sú greiðsla eigi stimpilskyld, þótt engin af hinum einstöku kvittunum nái stimpilskyldu-fjárhæð.

11. gr.

Aðalreglan er sú, að ávísanir og kvittanir séu stimplaðar við útgáfu og gildir það um allar kvittanir og ávísanir, sem gefnar eru út hér á landi. Ber útgefanda að sjá um að stimplunin sé framkvæmd, og má hann aldrei afhenda kvittun né ávísun, nema áður sé stimplað.

Ávísanir gefnar út erlendis, skulu stimplaðar áður en þær eru hér greiddar, framseldar eða afhentar til innheimtu.

Sé erlendum ávísunum framvísað hér til greiðslu eða innheimtu, hvort sem er til banka og annara lánstofnana eða til annara fyrirtækja eða einstakra manna, skal sá, sem ávísun afhendir eða framselur, stimpla ávísunina eða sjá um að það sé gert þegar í stað, og ber hann þá allan kostnað af stimpluninni.

Séu erlendar ávísanir sendar hingað, þannig að sendandi er eigi til staðar, skal sá, sem við ávísunum tekur, hvort sem er til greiðslu eða innheimtu, stimpla þær við móttöku, ef þær hafa eigi áður verið stimplaðar eins og lög þessi mæla fyrir.

12. gr.

Allir lögreglustjórar og hreppstjórar, í Reykjavík tollstjóri, eru skyldir til að hafa ætíð undir höndum nægar birgðir af greiðslumerkjum til sölu, enda er hverjum sem þess óskar leyfilegt að kaupa slík merki og hafa þau undir höndum.

Þeir, sem hafa á hendi sölu merkjanna fyrir hönd ríkissjóðs, skulu fá í sölulaun 2% af andvirði þeirra merkja, sem þeir hafa selt.

Nú er einhver, sem ekki hefir greiðslumerki undir höndum, en þarf að stimpla kvittun eða ávísun samkvæmt reglugerð þessari, og hefir ekki tök á að afla sér greiðslumerkja eins fljótt og nauðsyn krefur, og er þá heimilt að nota í þeirra stað venjuleg íslensk frímerki.

13. gr.

Þeir, sem hafa sölu greiðslumerkja undir höndum, skulu halda sölu, reikningshaldi og reikningsskilum merkjanna aðgreindu frá öðru stimpilgjaldi.

Hreppstjórar skulu í lok hvers ársfjórðungs senda hlutaðeigandi sýslumanni skilagrein yfir sölu greiðslumerkja og þær merkjabirgðir, sem þeir hafa í förum sínum.

Lögreglustjórar og sýslumenn og tollstjóri í Reykjavík, skulu í lok hvers

16 árshelmings senda fjármálaráðuneytinu skilagrein um sölu greiðslumerkja í
26 febr. umdæmi þeirra og birgðir.

Ennfremur er ráðuneytinu heimilt að leyfa öðrum að hafa á hendi sölu á greiðslumerkjum gegn venjulegum sölulaunum.

Heimilt er, hvenær sem er, að láta rannsaka birgðir af greiðslumerkjum hjá þeim er hafa á hendi sölu þeirra.

III. KAFLI

Um eftirlit, sektir o. fl.

14. gr.

Það varðar sektum samkvæmt reglugerð þessari.

1. Ef gefin er út kvittun eða ávísun hér á landi og hún afhent, án þess að stimplað sé eins og reglugerð þessi mælir fyrir.
2. Að taka við og greiða, framselja eða framvísa til innheimtu ávísun, sem ekki hefir verið stimpluð samkv. reglugerð þessari, eða taka við óstimplaðri kvittun, nema að stimplun sé framkvæmd þegar í stað.
3. Að gefa út ávísun eða kvittun í meira en einu lagi fyrir sömu fjárhæð eða greiðslu til þess að komast hjá stimpilgjaldi.

15. gr.

Allir opinberir starfsmenn hafa sömu skyldu til að sjá um að framfylgt sé ákvæðum reglugerðar þessarar og ákveðin er í lögum um stimpilgjald frá 1921. Sömu skyldu hafa og starfsmenn banka og annara lánsstofnana.

Nú fær einhver í hendur ávísun eða kvittun, sem ekki er stimpluð, og skal hann þá sjá um að hún sé stimpluð, og á hann þá kröfurétt á útgefanda.

16. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá 5—300 krónum, er renna í ríkissjóð, auk greiðslu hins vantandi stimpilgjalds.

Heimilt er þó fjármálaráðuneytinu fyrstu 5 árin, sem lög þessi gilda, að lækka sektir samkvæmt þeim og láta þær niður falla, ef sérstakar ástæður mæla með því.

17. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglu-mál.

18. gr.

Reglugerð þessi, svo og lög nr. 25, 9. janúar 1935, öðlast gildi 1. apríl 1935.

Fjármálaráðuneytið, 26. febrúar 1935.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.